



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 11. apríl 2004

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum (beiting samkeppnisreglna EES-samningsins). Frumvarpið er lagt fram vegna innleiðingar reglugerðar EB nr. 1/2003 sem hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þær breytingar verða á beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins um samkeppnisreglur fyrirtækja að samkeppnisyfirvöld og dómstólar í EFTA-ríkjunum fá heimild til að beita ákvæðunum fullum fetum.

Ljóst er að ofangreindar reglur kalla á lagabreytingu.

Texti frumvarpsins mætti hins vegar vera skýrari. Ekki virðist nægjanlega ljóst hvar draga beri mörkin milli samkeppnislaga og samkeppnisreglna EES-samningsins. Í greinargerð kemur t.d. fram að samhliða beiting geti haft í för með sér ólíkar niðurstöður eftir því hvort regluverkið er lagt til grundvallar. Ef ákvæðin stangist á skuli innlendur réttur víkja. Þessa reglu er ekki að finna í sjálfum frumvarpstextanum.

Þá er lagt til að samkeppnisyfirvöld og eftirlitsstofnun EFTA geti að eigin frumkvæði komið að skriflegum athugasemdum í dómsmáli vegna beitingar 53. og 54. gr. EES-samningsins. Einnig að með samþykki dómstólsins geti þessir aðilar komið að munnlegum athugasemdum. Ákvæði þetta felur í sér frávik frá þeirri grundvallarreglu íslensks réttarfars að aðilar máls hafi forræði á sakarefninu.

Hvað varðar einstakar greinar frumvarpsins er vakin athygli á óljósu orðalagi 2. mgr. 3. gr. þar sem segir að ákvarðanir samkeppnisyfirvalda á grundvelli 53. og 54. gr. EES samningsins skuli ekki fara í bága við ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA. Samkvæmt greinargerð tekur ákvæðið til ákvarðana samkeppnisyfirvalda ef ESA hefur tekið ákvörðun í sama máli. Það er ekki skýrt í frumvarpstextanum þannig að álykta má að ákvörðunum ESA sé gefið almennt fordæmisgildi.

Virðingarfullt,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur